

Svar

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um lögbundin verkefni Samgöngustofu.

1. Hvaða lögbundnu verkefnum sinnir Samgöngustofa?

Um verkefni Samgöngustofu er fjallað í II. kafla laga um Samgöngustofu, stjórnsýslu-stofnun samgöngumála, nr. 119/2012. Í lögunum er að finna lýsingu á lögbundnu hlutverki stofnunarinnar sem er m.a. að annast stjórnsýslu og eftirlit er lýtur að flugmálum, hafnamálum og sjóvörnum ásamt siglingamálum, umferðarmálum og vegamálum. Stofnunin skal vera öryggisstofnun samgangna á Íslandi.

Samgöngustofa skal með starfsemi sinni stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Stofnunin skal stuðla að því að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið.

Um lögbundin verkefni Samgöngustofu vísast að öðru leyti til laga nr. 119/2012, um Samgöngustofu, stjórnsýslustofnun samgöngumála.

2. Hver er áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna Samgöngustofu og hver er áætlaður kostnaður hvers verkefnis samkvæmt fjárlögum fyrir árið 2020?

Áætlaður heildarkostnaður lögbundinna verkefna Samgöngustofu samkvæmt fjárlögum ársins 2020 nemur 2.501,5 millj. kr. Í fjárlögum er kostnaður ekki áætlaður niður á lögbundin verkefni. Samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu er grófleg áætlun um skiptingu kostnaðar til lögbundinna verkefna eftirfarandi:

4. gr. Almennur rekstur	20%
5. gr. Eftirlit með samgöngumannvirkjum	3%
6. gr. Eftirlitsskyld starfsemi, rannsóknarheimildir o.fl.	7%
7. gr. Verkefni tengd samgöngum á landi	25%
8. gr. Verkefni tengd loftferðum	20%
9. gr. Verkefni tengd siglingum	14%
10. gr. Alþjóðlegt samstarf	10%
11. gr. Rannsóknir og þróunarstarf	1%